

135. löggjafarþing 2007–2008.
Þakj. 0 — 1. mál.

Alþingi
Erindi nr. P 135/298
komudagur 14.11.2007

Álit

um frv. til fjárlaga 2008 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dómsmálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

1. minni hluti telur að auka þurfi fjárveitingu til umboðsmanns Alþingis til að efla frumkvæðisathuganir verulega.

1. minni hluti telur til bóta að aukin áhersla er lögð á málefni löggæslu og öryggismála, t.d. með aukningu framlaga til embættis Ríkislögreglustjóra og hækkun framlaga í Landhelgisjód vegna kaupa á varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna.

1. minni hluti telur áform um fangelsisbyggingar ófullnægjandi og lýsir vonbrigðum sínum með þær tillögur um fjárveitingar til þeirra sem gerðar eru í frumvarpinu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 8 millj. kr. til fangelsisbygginga og að fjárveitingin lækki um 170,5 millj. kr. frá gildandi fjárlögum. Allur undirbúningur fyrir nýjar viðbótarframkvæmdir á Litla-Hrauni er búinn þannig að hægt er að hefja framkvæmdir strax. Ljóst er að það fjármagn sem búist er við fyrir sölu á landi sem tilheyrir Litla-Hrauni dugar ekki fyrir framkvæmdum þar sem talið er að framkvæmdir á Litla-Hrauni muni kosta um 500 millj. kr. Einnig þarf að byggja nýtt fangelsi, m.a. vegna þess að Hegningarhúsið á Skólavörðustíg uppfyllir ekki kröfur um heilbrigðiseftirlit og er jafnframt talið að staðsetning kvennafangelsisins í Kópavogi sé óheppileg. Rætt hefur verið um að nýtt fangelsi risi á Hólmsheiði. Þetta brýna mál hefur ekki náð í höfn enda lét dómsmálaráðherra þau orð falla á Alþingi nýlega að eins og mál hafi þróast væri augljóst að árið 2009 yrðu fangelsismál á höfuðborgarsvæðinu ekki komin í fullnægjandi horf.

1. minni hluti veltir því upp hvort dómsmálaráðherra hafi ekki forgangsraðað byggingarmálum fangelsa í fjárlagagerðinni eða ekki fengið hljómgrunn fyrir fjárveitingum í viðbyggingar á Litla-Hrauni, né fyrir Hólmsheiðarfangelsi í ríkisstjórninni. Hvað sem því lítur vill minni hlutinn benda á að hefja þarf framkvæmdir hið fyrsta við uppbyggingu fangelsa sem og bæta sálfræðipjónustu og efla meðferðarúrræði.

Alþingi, 14. nóv. 2007.

Siv Friðleifsdóttir,